

Velkomin á 47. Andrésar andar leikana

19. – 22. apríl 2023



Fararstjórafundur 19. apríl kl 18 í Brekkuskóla

www.skidi.is
www.facebook.com/andresarleikar

Fararstjóramappa

Velkomin á

47. Andrésar andar leikana

19-22 apríl 2023

Hlíðarfjalli við Akureyri

Leikstjóri: Fjalar Úlfarsson, sími 898 9822

Mótsstjóri alpagreina: Sólrún Tryggvadóttir, sími 865 1363

Mótsstjóri bretta: Einar Rafn Stefánsson, sími 845 9707

Mótsstjóri skíðagöngu: Vilhjálmur Kristjánsson, sími 863 1506

Andrésarnefnd

Fjalar Úlfarsson, Una Matthildur Eggertsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Kristinn Magnússon,
Kári Jóhannesson, Gísli Einar Árnason, Einar Rafn Stefánsson, Inga Rakel Ísaksdóttir

Efnisyfirlit

Leikjadagskrá í Hlíðarfjalli	bls 4
Alpagreinar – leikreglur	bls 5
Bretti – leikreglur	bls 6
Skíðaganga – leikreglur	bls 7 og 8
Skrúðganga, verðlaunaafhendingar og Höllin	bls 9 og 10
Hlíðarfjall yfirlitskort	bls 11
Brautarkort skíðaganga	bls 12 – 14
Dagskrá mótsins	bls 15 og 16
Skipulag í Íþróttahöllinni	bls 17





Dagskrá í Hlíðarfjalli fyrir 7 ára og yngri

Fimmtudagur 20. apríl kl. 11-13

Alpagreinar og bretti

Hver stöð tekur um 15 mínútur.

Hvert lið er sett á eina stöð í byrjun, svo heldur liðið áfram þar til allar stöðvarnar eru búnar.

Stöð 1 - Svigbraut í Hólabraut (SKA)

Stöð 2 - Samhliðasvig í Hólabraut (DAL)

Stöð 3 - Reiptog við skíðahótelið (FJA og BFH)

Stöð 4 - Boðhlaup fyrir ofan skíðaleigu (BBL/KR)

Stöð 5 - Einn, tveir, þrír, fjórir, fimm, dimmalimm. Myndastyttur á skíðum í töfrateppinu (Ármann/Fram)

Stöð 6 - Andlitsmálun á bekkjunum við hotelið (SFÍ, TIN, HÚS)

Stöð 7 - Hitta í mark við nestisskálann (Hengill, Mývatn)

Stöð 8 - Hlaupa í skarðið á skíðum fyrir neðan töfrateppið (SKÍS, SÓ, SSS)

Hjálmanotkun er skylda og ráðlagt er að keppendur séu með bakbrynjur eða annan hlífðarbúnað.



Andrésar Andar leikarnir 2023

Alpagreinar – leikreglur

Upplýsingar um mótið eru rafrænar á www.skidi.is og á facebook síðu leikanna www.facebook.com/andresarleikar

Mótsstjóri í alpagreinum er Sólrún Tryggvadóttir S: 865-1363

Sérreglur varðandi Andrésar leikanna:

- a. Drengir byrja í stórsvigi
- b. Stúlkur byrja í svigi
- c. Ef keppandi sleppir hliði höfum við til hliðsjónar reglur SKÍ fyrir 11 ára og yngri
þ.e. þurfa að fara upp fyrir sjónlínu með klossana en reglur FIS fyrir 12 – 15 ára
þ.e. þurfa að fara upp fyrir stöngina og niður rennslis megin við stöngina.
Keppendur njóta þó alltaf vafans.

Brautalagning - Lagðar verða einfaldar brautir. Ekki er lögð önnur braut fyrir seinni ferð en braut löguð fyrir seinni ferð ef með þarf. Ekki er skoðun fyrir seinni ferð.

Start er merkt eftir aldri keppenda.

Andrésarbrekka er með eitt start

- Stórsvig - 7 og 8 ára
- Svig - 7, 8 og 9 ára

Suðurbakki – Stórsvig

- 10, 11, 12 og 13 ára og 14 - 15 ára

Norðurbakki Icelandair

- Svig - efra start 12 - 15 ára
- Svig - neðra start 10 - 12 ára
- Stórsvig – neðra start 9 ára

Númer - Keppendur eru með sömu númer alla leikana og skila í lok seinni keppnisgreinar og fá að launum kókómjól.

Skoðun er klukkustund fyrir start og stendur í ca. 30 mín.

Í **seinni ferð** er öllum snúið við og hefst seinni ferð ca. 10 mín eftir að fyrri ferð lýkur ef ekki þarf að laga braut. Mikilvægt er að fararstjórar tryggi að krakkarnir séu komnir í start á réttum tíma.

Kvartanir/álitamál - Komi upp kvartanir/álitamál skal þess gætt að samskipti fari í gegnum þjálfara/fararstjóra og mótsstjóra og reynt að afgreiða á staðnum. Foreldrum skal haldið utan við þetta.



Andrésar Andar leikarnir 2023

Bretti – leikreglur

Upplýsingar um mótið eru rafrænar á www.skidi.is og á facebook síðu leikanna www.facebook.com/andresarleikar

Mótsstjóri bretta er Einar Stefánsson S: 845-9707

Brettastíll/Slopestyle

Þrír dómara dæma og dæma þeir eftir erfiðleika, stíl og lendingu hjá hverjum keppanda. Farnar eru tvær ferðir og betri ferðin gildir.

Dómgæsla er hefðbundin. Fyrsti keppandi sem lendir heilt rennsli setur viðmið fyrir hina keppendurna. Samanlögð stig dómara gefa heildarniðurstöðu.

Ef ekki eru fleiri en 5 keppendur í aldursflokki skal færa til keppendur um árgang.

Brettakross/ Boardercross

Hefðbundin útsláttarkeppni. Fjórir keppendur renna sér saman niður brautina og tveir fyrstu komast áfram í næstu umferð.

Að stytta sér leið, ýta í keppanda eða klessa viljandi á keppanda er bannað. Sá keppandi sem gerist brotlegur með þessum hætti er dæmdur úr keppni.

Dregið verður í riðla fyrir hvern aldursflokk. Ef 6 keppendur eru saman í aldurflokki, renna sér saman 3 og 3.

Ef ekki næst í 4 keppendur í aldursflokki skal færa til keppendur um árgang.

Númer - Keppendur eru með sömu númer alla leikana og skila í lok seinni keppnisgreinar og fá að launum kókómjól.

Kvartanir eða álitamál

Komi upp kvartanir/álitamál skal þess gætt að samskipti fari í gegnum þjálfara/fararstjóra og mótsstjóra og reynt að afgreiða á staðnum. Foreldrum keppenda skal haldið utan við þetta.

Hjálmanotkun er skylda og ráðlagt er að keppendur séu með bakbrynjur eða annan hlífðarbúnað.



Andrásar Andar leikarnir 2023

Skíðaganga – leikreglur

Brautir og marksvæði - Kort af brautum eru í fararstjóramöppunni en einnig á Facebook síðu leikanna. Vinsamlegast kynnið ykkur brautir, vegalengdir og marksvæði og kynnið fyrir keppendum ykkar.

Vinsamlegast virðið girðingar og merkt svæði.

Skíðagöngugreinar og flokkar - Keppt verður með hefðbundinni aðferð og frjálsri aðferð. 12-13 ára og 14-15 ára keppa í Skicross í frjálsu aðferðinni.

Boðganga er fyrir 9-11 ára og 12-15 ára í kynja- og félagablönduðum sveitum, aðferðir í ár eru HFF.

12-13 ára eru sömu krakkar og keppa sem 13-14 ára í bikarmótum, það sama á við 14-15 ára (eru sömu krakkar og 15-16 ára á bikarmótum). Andrés ákvað að breyta ekki eins og SKÍ til að vera í samræmi við alpagreinar og bretti á Andrésarleikunum.

Sjá leikskrá/startlista fyrir vegalengdir í hverjum flokki.

Í ár er árgöngum ekki blandað saman og hver árgangur fyrir sig keppir saman.

Leikjabraut – á laugardaginn, fyrir 4-8 ára

Allir þátttakendur í göngu á viðkomandi aldri eru skráðir sjálfkrafa í leikjabrautina á laugardaginn. Vinsamlegast látið vita á föstudeginum í gönguhúsinu ef einhver ætlar ekki að vera með í leikjabraut.

Hluti af leikjabrautinni er opin alla leikana til að skoða og leika sér í. Munið að hvetja og hafa gaman.

Boðganga – á laugardaginn, fyrir 9-11 ára og 12-15 ára HFF

Keppt er í boðgöngu í flokkum 9-11 ára og 12-15 ára í blönduðum sveitum – kynjablönduðum og blönduðum á milli félaga.

Reynum eftir fremsta megni að búa til jafnar sveitir óháðar félögum/héruðum. Mótshaldari ber ábyrgð á að blanda saman þátttakendum til að skapa jafnar sveitir.

Sveitir verða tilkynntar á facebook síðu leikanna á föstudags eftirmiðdegi.

Þjálfarar kynni keppendum sínum reglur í boðgöngu, t.d. varðandi skiptingar, skiptisvæði o.þ.h. Brýna fyrir börnunum að vera vel á verði þegar kemur að skiptingum og að snerting verður að vera á milli manna í skiptingunni.

Starfsmenn mótsins aðstoða við skiptingar og að raða upp sveitum og láta vita þegar komið er að næsta spretti. Ekki er þörf fyrir að hafa þjálfara inni í „skipti hólfinu“ til að hafa áhrif á þetta.

Mikilvægt er að þjálfarar, fararstjórar, foreldrar og aðrir áhorfendur virði girðingar og merkt svæði.

Skíðamerkingar og númer - Númer eru afhent í gönguhúsi að morgni hvers keppnisdags. Þjálfari/fararstjóri hvers héraðs fær númerinn afhent og dreifir á sína keppendur. Númerum er skilað þegar komið er í mark.

Skíðamerkingar eru er til gamans gerðar og fara þær fram í eða við gönguhúsið (við startsvæði) fyrir hverja göngu. Verið vakandi yfir að láta börnin merkja skíðin.

Brýnið fyrir keppendum að passa að vera með tímatökuflöguna þegar farið er á ráslínu.

Hvatning

Munum að hvetja alla á jákvæðan hátt og af háttvísi. Andrésar andar leikarnir eru fyrst og fremst leikur og skemmtun barnanna. Hrósum, fögnum og höfum gaman.

Undir engum kringumstæðum er leyfilegt að skíða með keppanda.

Kvartanir eða álitamál

Komi upp kvartanir/álitamál skal þess gætt að samskipti fari í gegnum þjálfara/fararstjóra og mótssstjóra og reynt að afgreiða á staðnum. Foreldrum keppenda skal haldið utan við þetta.

Skíðagöngukort

Sjá aftar í þessu skjali



Andrésar Andar leikarnir 2023

Skrúðganga / Verðlaunaafhendingar / Höllin

Skrúðganga hefst við Lundarskóla kl 19:00 og er gengið að Íþróttahöllinni þar sem mótssetning fer fram kl 19:30.

Keppendur þjálfarar/fararstjórar ganga svo inn í Höllina að norðan en foreldrar og aðrir að sunnan.

Röð liða verður gefin út fyrir skruðgöngu.



Verðlaunaafhendingar

Öll verðlaun fyrir alla flokka verða afhent í Íþróttahöllinni að loknum hverjum keppnisdegi – ekki í Fjallinu.

Undantekning frá þessu eru öll þátttökuverðlaun fyrir Stjörnuflokk og þrautabraut 4-7 ára (4-8 ára í göngu) sem verða afhent við mótsslit á laugardegi.


Eins og undanfarin ár fara félögin saman á svið og taka við verðlaunum fyrir leikjabraut. Röðin sem þau eru kölluð á svið er sú sama og í skruðgöngunni. Þjálfarar eru beðnir um að aðstoða við að halda utan um sína hópa svo þetta gangi vel fyrir sig.

Vinsamlegast hvetjið börnin til að sitja í sætum á meðan verðlaunaafhendingar fara fram – þannig gengur allt betur.

Höllin og röð í skrúðgöngu


Sætaskipan félaga í Höllinni má sjá að neðan. Þetta á við alla dagana á meðan á leikunum stendur.

Vinsamlegast hvetjið börnin til að sitja í sætum á meðan verðlaunaafhendingar fara fram – þannig gengur allt betur.




Hlíðarfjall – yfirlitskort


(fjólubláar línur og letur er það sem á við Andrésarleikana sérstaklega)




BRAUTARKORT



MARKSVÆÐI - EINSTAKLINGSSTART



MARKSVÆÐI - BOÐGANGA





ANDRÉSAR ANDAR LEIKARNIR AKUREYRI

Dagskrá 19. - 22. apríl 2023



Miðvikudagur 19. apríl

17:00–18:00

Mótsgjafir afhentar fararstjórum/þjálfurum í Íþróttahöllinni

18:00

Fararstjórakvöld í Brekkuskóla

19:00

Skrúðganga frá Lundarskóla

19:30

Mótssetning í Íþróttahöllinni

21:00–21:30

Sölusýning í Íþróttahöllinni



CINTAMANI



Fimmtudagur 20. apríl

Kl.

Aldur

Grein

Staður

09:00

14–15 ára

stórsvíg

Suðurbakki

09:00

6–10 ára

brettastíll (slopestyle)

Hjallabraut

10:00

12–13 ára

svíg

Norðurbakki ICELANDAIR

10:00

9 ára

svíg

Andrésarbrekka

11:00

6–11 ára

ganga, hefðbundið

Göngusvæði

13:00

12–15 ára

ganga, hefðbundið

Göngusvæði

13:00

11–15 ára

brettastíll (slopestyle)

Hjallabraut

13:30

8 ára

svíg

Andrésarbrekka

13:30

11 ára

svíg

Norðurbakki ICELANDAIR

13:30

10 ára

stórsvíg

Suðurbakki

11:00 – 13:00

4–7 ára

Dagskrá í Hlíðarfjalli

Hólabraut

18:00 – 21:00

Sölusýning opin

Íþróttahöllin

19:00

Verðlaunaafhending

Íþróttahöllin



SAMHERJI

Föstudagur 21. apríl

Kl.

Aldur

Grein

Staður

10:00

Stjörnufl. 7–15 ára

stórsvíg

Andrésarbrekka

samskip



10:05	8 ára
10:00	9 ára
10:00	12-13 ára
11:00	6-11 ára
13:00	6-7 ára stúlkur
13:00	4-7 ára drengir
13:00	10 ára
13:00	12-15 ára
18:00 – 21:00	
19:00	

Laugardagur 22. apríl

Kl.	Aldur
09:00	14-15 ára
09:00	8-10 ára
10:00	4-7 ára stúlkur
10:00	6-7 ára drengir
10:00	11 ára
11:00	4-8 ára
11:00	11-15 ára
12:15	9-11 ára
13:00	12-15 ára
14:00-16:00	
15:00	

stórsvig
stórsvig
stórsvig
ganga, frjáls aðferð
stórsvig

BLACKBOX leikjabraut (alpagr., bretti) Ævintýraleiðin

svig
ganga, SKICROSS frjáls aðferð
Sölusýning opin
Verðlaunaafhending

Grein

svig
brettakross (boardercross)

BLACKBOX leikjabraut (alpagr., bretti) Ævintýraleiðin

stórsvig
stórsvig

BLACKBOX leikjabraut (ganga)

brettakross (boardercross)
boðganga (HFF)
boðganga (HFF)
Sölusýning opin

Verðlaunaafhending og mótsslit
Leikjabrautarverðlaun og verðlaun fyrir stjörnuflokk

Andrésarbrekka

Norðurbakki ICELANDAIR

Suðurbakki

Göngusvæði

Andrésarbrekka

Ævintýraleiðin

Norðurbakki ICELANDAIR

Göngusvæði

Íþróttahöllin

Íþróttahöllin



Akureyrarbær



Íslandsbanki

Staður

Norðurbakki ICELANDAIR

Suðurgil

Ævintýraleiðin

Andrésarbrekka

Suðurbakki

Göngusvæði

Suðurgil

Göngusvæði

Göngusvæði

Íþróttahöllin

Íþróttahöllin



Verðlaunaafhending í öllum flokkum fer fram í Íþróttahöllinni, en ekki í Fjallinu

Sölusýning í Íþróttahöllinni, fullt af áhugaverðum vörum og verslunum – sjá opnunartíma í dagskrá að ofan!



ÚTIVIST & VEIÐI

fjallanöf



POC



ANDRÉSARLEIKAR 2023
Skipulag í Íþróttahöllinni



SKRÚÐGANGA
Röð félaga 2023

1. SFÍ
2. SFS
3. SKA
4. BBL-KR
5. Dalvík
6. BFH
7. Hengill
8. SSS
9. Ullur
10. Ármann
11. Tindastóll
12. SKÍS
13. Mývetningur
14. SÓ
15. Fjarðarbyggð








Svið

Verðlaunahafar
Ganga
Bretti



Verðlaunahafar
Alpagreinar

Skrúðganga

Inn að norðan
Keppendur, þjálfarar
og fararstjórar



Inn að sunnan
Foreldrar og
aðstandendur



← Sæti

← Neðri stúka

← Efri stúka